



Kveikt var á jólatrénu á Borg 28. nóv.



FUNDARGERÐ.

312. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnarsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 7. nóvember 2012 kl. 9⁰⁰ f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Ingibjörg Harðardóttir

Hörður Óli Guðmundsson

Ingvar Grétar Ingvarsson

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

Oddviti leitar afbrigða

a) Hækkun á yfirdráttarheimild.

1. Rafrænt leiðsögukerfi í síma og handtölvur (App).

Á fundinn mætti Gunnar Kristinn Gunnarsson og kynnti fyrir sveitarstjórn rafrænt leiðsögukerfi í síma og handtölvur.

Varaoddvita falið að vinna kostnaðaráætlun vegna verkefnisins.

2. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 23. október 2012.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 23. október 2012 liggur frammi á fundinum.

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.

Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.

Efni í blaðið berist fyrir 1. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng:

linda@gogg.is eða gogg@gogg.is

3. Fundargerðir.

a) Fundargerð 20. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 4. október 2012.

Fundargerðin lögð fram og hún staðfest.

b) Fundargerð 21. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 25. október 2012.

Fundargerðin lögð fram og hún staðfest.

c) 52. fundur Skipulags- og byggingafulltrúaembættis upp- sveita Árnassýslu og Flóahrepps, 25. október 2012.

Mál nr. 1, 5, 6, 12, 13, 14, 15, 16, 17, 18 og 31 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Fundargerðin lögð fram.

Mál nr. 1 – Fyrirspurn_Ásgarður – Fljótsbakki 29.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins.

Mál nr. 5 – Afgreiðslur byggingarfulltrúa á afgreiðslufundum 87 og 88. Lagt fram til kynningar.

Mál nr. 6 – Óðinsstígur 16. Sveitarstjórn samþykkir að gera breytingu á deiliskipulagi á grundvelli fyrirbyggjandi mælinga. Að mati sveitarstjórnar er um óverulega breytingu að ræða og samþykkir að hún skuli grenndarkynnt skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir öllum lóðarhöfum sem breytingarnar varða.

Mál nr. 12 – dskbr. Vatnsholt – Háahlið 1, 3 og 5. Sveitarstjórn hafnar sameiningu lóðanna.

Mál nr. 13 – Hlauphólar – deiliskipulag frístundabyggðar úr landi Stóru-Borgar. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins.

Mál nr. 14 – Klausturhólar, Rimar – DSK, nýtt og gamalt. Sveitarstjórn samþykkir að deiliskipulagið verði auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þegar fyrir liggur umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Einnig liggur fyrir 3ja ára fjárhagsáætlun og eru helstu lykiltölur samstæðureikningsins í þúsundum króna:

	2014	2015	2016
<i>Tekjur</i>	661.560	633.938	642.054
<i>Gjöld</i>	534.781	535.948	536.261
<i>Fjármagnsgjöld</i>	49.013	40.955	33.085
<i>Rekstrarafgangur</i>	77.766	57.035	72.708
<i>Eignir</i>	1.589.812	1.622.794	1.669.223
<i>Skuldir</i>	900.173	876.120	849.841
<i>Eigið fé</i>	689.639	746.674	819.382
<i>Fjárfestingar (nettó)</i>	60.000	25.000	0

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárið 2013 og framlagða 3ja ára áætlun Grímsnes- og Grafningshrepps fyrir árin 2014-2016.

Til kynningar

SASS. Fundargerð 461. stjórnarfundar 05.11 2012.

Ályktanir ársþings Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga 2012.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:45



19. Fjárhagsáætlun 2013-2016, seinni umræða.

Sveitarstjórn vekur athygli á að skerðing á framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga frá árinu 2012 til ársins 2013 nemur um það bil 45 millj. kr. og munar þar mestu um framlag vegna grunnskóla sem samið var um vegna yfirfærslu grunnskóla frá ríki til sveitarfélaga. Ekki var gert ráð fyrir þessari skerðingu í þriggja ára áætlun sveitarfélagsins sem samþykkt var á árinu 2011. Má sveitarfélagið búiast við skerðingu á næstu árum vegna framlaga til málefna fatlaðra? Sveitarstjórn krefst þess að öllum breytingum á reglum Jöfnunarsjóðs verði þannig hagað að gera megí ráð fyrir þeim í áætlunum sem leggja á fyrir til samþykktar samkvæmt lögum.

Fyrirliggjandi tillaga að fjárhagsáætlun fyrir árið 2013 var tekin til lokaafgreiðslu. Niðurstöður áætlunarinnar eru eftirfarandi í þúsundum króna:

Rekstrarniðurstaða A-hluta tekjur umfram gjöld
39.628

Rekstrarniðurstaða samstæðu A og B-hluta tekjur
umfram gjöld -2.061

Handbært fé frá rekstri A-hluti 124.727

Handbært fé frá rekstri samstæðu 22.413

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er áætluð samtals 73,6 millj. kr. Helstu liðir í fjárfestingu eru í eignasjóði. Ekki er gert ráð fyrir lántöku vegna fjárfestinga en gert er ráð fyrir sölu eigna sveitarfélagsins að fjárhæð 150 millj. kr.

Sveitarstjórn telur ekki þörf á lýsingu skv. 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga eða kynningu á tillögu skv. 4. mgr. 40. gr. þar sem skipulagið nær yfir þegar byggt fristundahúsasvæði auk þess sem allar meginforsendur liggja fyrir í aðalskipulagi.

Mál nr. 15 – Kæra_Miðengi – Dvergahraun 26 og 28. Lögð fram til kynningar niðurstaða úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála varðandi kæru á ákvörðun um að hafna sameiningu lóða við Dvergahraun í landi Miðengis. Ekki er gerð athugasemd við ákvörðun skipulags- og byggingarnefndar og sveitarstjórnar.

Mál nr. 16 – LB_Bildsfell 5 lnr. 170816 (og 170937). Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að landinu verði skipt á þann veg sem fyrirliggjandi lóðarblöð sýna. Ekki er gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 17 – LB_Úlfjótssvatn lnr. 170944 - afmörkun landsins. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við fyrirliggjandi lóðablað skv. 48. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 18 – LB_Villingavatn lnr. 170931 - ný 2,5 ha spilda. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. 48. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og gerir ekki athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 31 – Landsskipulag 2013-2024.

Lagt fram til kynningar.

d) Fundargerð 12. fundar stjórnar Skipulags- og bygginga-fulltrúaembættis uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps, 25. október 2012.

Fundargerðin lögð fram og hún staðfest. Varðandi lið 1, fjárhagsáætlun ársins 2013 þá verður gert ráð fyrir kostnaðarhlut Grimsnes- og Grafningshrepp í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

e) Fundargerð nefndar oddvita/sveitarstjóra í yfirstjórn velferðarmála í Árnesþingi (NOS), 26. október 2012.

Fundargerðin lögð fram og hún staðfest. Varðandi lið 8, fjárhagsáætlun ársins 2013 ásamt kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaga þá staðfestir sveitarstjórn áætlunina og skiptinguna.

4. Beiðni um styrk frá Uppliti, menningarklasa Uppsveita Árnessýslu.

Fyrir liggur beiðni Upplits, menningarklasa Uppsveita Árnessýslu um að fá Félagsheimilið Borg til afnota án endurgjalds fyrir viðburðinn Uppsveitastjórnuna þann 24. nóvember n.k. ásamt fríu kaffi. Sveitarstjórn samþykkir að verða við beiðni Upplits.

5. Beiðni Stígamóta um fjárstyrk fyrir árið 2013.

Fyrir liggur beiðni Stígamóta um fjárstyrk fyrir árið 2013. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

6. Bréf frá Gunnari Smára Egilssyni, formanni SÁÁ vegna átaksins „Betra líf!“.

Fyrir liggur bréf frá Gunnari Smára Egilssyni, formanni SÁÁ þar sem óskað er eftir stuðningsyfirlýsingu við þær tillögur sem liggja að baki átakinu „Betra líf! – mannúð og réttlæti“ og að sveitarstjórn leggist á sveif með samtökunum um að safna undirskriftum meðal almennings til að draga fram vilja fólks í þessu máli. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

7. Bréf frá Birni H. Halldórssyni f.h. SORPU, Sorpurðun Vesturlands, Sorpeyðingarstöð Suðurnesja og Sorpstöð Suðurlands varðandi urðunarstað fyrir úrgang.

Fyrir liggur bréf frá Birni H. Halldórssyni f.h. SORPU, Sorpurðun Vesturlands, Sorpeyðingarstöð Suðurnesja og Sorpstöð Suðurlands, dagsett 16. október 2012 þar sem óskað er eftir tilnefningu sveitarfélagsins um mögulegan urðunarstað fyrir úrgang. Sveitarstjórn sér ekki möguleika á urðunarstað í sveitarfélaginu.

8. Bréf frá Umhverfis- og auðlindarráðuneyti vegna verkefnis starfshóps um utanvegaakstur og sveitarfélaga landsins sem eiga land innan miðhálandislínunnar.

Fyrir liggur bréf frá Umhverfis- og auðlindarráðuneyti, dagsett 16. október 2012 vegna verkefnis starfshóps um utanvegaakstur og sveitarfélaga landsins sem eiga land innan miðhálandislínunnar. Óskað er eftir að sveitarfélagið skili tillögum um flokkun vega utan vegakerfis Vegagerðarinnar til starfshópsins. Stefnt er á að skila tillögum fyrir áramót.

9. Gjaldskrá dagvistargjalda í leikskóladeild Kerhólsskóla,

verði eftirfarandi:

4 klst. vistun	11.470 kr.
4,5 klst. vistun	12.906 kr.
5 klst. vistun	14.338 kr.
5,5 klst. vistun	15.773 kr.
6 klst. vistun	17.209 kr.
6,5 klst. vistun	18.641 kr.
7 klst. vistun	20.075 kr.
7,5 klst. vistun	21.509 kr.
8 klst. vistun	22.944 kr.

10. Gjaldskrá mötuneytis, verði eftirfarandi:

Stakur hádegisverður í leikskóladeild	156 kr.
Hádegisverður pr. mánuð í leikskóladeild	2.992 kr.
Stök hressing í leikskóladeild	81 kr.
Hressing pr. mánuð í leikskóladeild	1.780 kr.
Hádegisverður fyrir grunnskóladeild	281 kr.
Mjólk pr. mánuð í grunnskóladeild	416 kr.
Ávextir og brauð pr. mánuð í grunnskóladeild	1.040 kr.
Hádegisverður, eldri borgara	359 kr.
Hádegisverður, kostgangara	950 kr.

Breytingar þessar taka gildi frá og með 1. janúar 2013.

Sveitarstjórn samþykkir tillögur um álagningu gjalda og gjaldskrárbreytingar.

Auk stofngjaldsins sem að framan greinir skal greiða kr. 4.027 fyrir hvern lengdarmetra heimæðar frá stofnæð.

E. Önnur gjöld

Lokunargjald verður kr. 15.000 og auka álestur kr. 7.000.

7. Lóðaleiga, verði 1% af lóðamati.

Gjaldskrá Íþróttamiðstöðvarinnar Borg, verði eftirfarandi:

Sund:	fullorðnir, 17-67 ára	börn 7-16 ára
Stakt skipti	420 kr.	210 kr.
10 miða kort	3.400 kr.	1.700 kr.
30 miða kort	8.700 kr.	4.350 kr.
Árskort	25.000 kr.	12.500 kr.

Börn 0-6 ára, ellilífeyrisþegar og öryrkjar fá frítt í sund.

Þreksalur:

Stakt skipti	730 kr.
10 miða kort	5.200 kr.
30 miða kort	12.500 kr.
Árskort	25.000 kr.

Íþróttasalur:

Fullorðinn – 60 mín.	420 kr.
Barn – 60 mín.	210 kr.
Hálfur dagur	6.250 kr.
Heill dagur	12.500 kr.
Sturta	170 kr.

9. Bréf frá Innanríkisráðuneyti um afgreiðslu og áætlun um úthlutun framlaga til sveitarfélagsins vegna nýbúafræðslu á fjárhagsárinu 2013.

Fyrir liggur bréf frá Innanríkisráðuneyti, dagsett 31. október 2012 um afgreiðslu og áætlun um úthlutun framlaga til sveitarfélagsins vegna nýbúafræðslu á fjárhagsárinu 2013. Lagt fram til kynningar.

10. Erindi frá Ómari G. Jónssyni um framhald á ferðasiglingum um Þingvallavatn og fleira þeim tengdum.

Á fundi sveitarstjórnar þann 23. október s.l. var erindi frá Ómari G. Jónssyni um framhald á ferðasiglingum um Þingvallavatn og fleira þeim tengdum frestað og óskað eftir frekari gögnum. Gögn hafa borist og gerir sveitarstjórn ekki athugasemdir við starfsemi Þingvallasiglinga ehf. svo framarlega að starfsemi félagsins falli að þeim lögum og reglum sem gilda fyrir slíka starfsemi og um verndun Þingvallavatns og vatnasvið þess.

11. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um félagslega aðstoð (bifreiðastyrkir hreyfihamlaðra), 36. mál.

Frumvarpið lagt fram.

12. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum (tvöfalt lögheimili), 152. mál.

Þingsályktunartillagan lögð fram.

13. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um verndar- og orkunýtingaráætlun (flokkun virkjunarkosta og gerð orkunýtingaráætlunar), 3. mál.

Frumvarpið lagt fram.

14. Skólastefna sveitarfélagsins.

Fyrir liggja drög að skólastefnu Grímsnes- og Grafningshrepps ásamt mótuneytisstefnu Kerhólsskóla. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög og felur fræðslunefnd að sjá um útgáfu hennar.

15. Hringtorgið á Borg.

Í ljósi umræðna og umfjöllunar fjölmiðla undafarið vegna hringtorgs á Biskupstungnabraut við Borg vill sveitarstjórn koma eftirfarandi á framfæri;

Það er mat sveitarstjórnar að um sé að ræða mikilvæga samgöngubót með tilliti til umferðaröryggis. Framkvæmdirnar voru alfarið á höndum Vegagerðarinnar og í samræmi við gildandi deiliskipulag frá árinu 2006, með smávægilegum breytingum sumarið 2012 til að bæta aðgengi að versluninni. Engar athugasemdir komu við auglýsingu deiliskipulagsins á sínum tíma né neinar óskir um breytingar. Haft var samband við lóðarhafa (Olís) vegna framkvæmdanna, honum send öll gögn og óskað eftir þátttöku hans við framkvæmdina. Hefur óskum sveitarfélagsins um aðkomu lóðarhafa að málinu ekki verið sinnt.

Þann 5. nóvember s.l. barst sveitarstjórn bréf frá Agnari Bent Brynjólfssyni, rekstraraðila Verslunarinnar Borg þar sem gerð er athugasemd við breytta aðkomu að versluninni og afleiðingu þess á viðskiptin.

Sveitarstjórn mun í samráði við rekstraraðila og lóðarhafa boða til fundar með fulltrúum Vegagerðarinnar.

16. Þungatakmörkanir í Þjóðgarðinum.

Sveitarstjórn krefst þess að Þingvallanefnd og Vegagerðin aflétti þunga- / umferðartakmörkum um Þjóðgarðinn á Þingvöllum.

17. Álagning gjalda og gjaldskrárbreytingar fyrir árið 2013.

Fyrir liggja tillögur að álagningu gjalda og gjaldskrármála vegna 2013.

Afgreiðslu frestað.

18. Drög að fjárhagsáætlun 2013-2016, fyrri umræða.

Fyrir liggja drög að fjárhagsáætlun Grímsnes- og Grafningshrepps fyrir fjárhagsárið 2013 og fyrir árin 2014, 2015 og 2016 sbr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Sveitarstjórn vísar áætluninni til annarrar umræðu.

6. Hitaveita, 5. gr. A, B, C, D og E-liður gjaldskrá hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps breytist þannig:

A. Hemlagjald (varmagjald):

Sumarbústaðir, snjóbræðslukerfi og notkun samkvæmt sérsamningum skal greiða fyrir hemlagjald. Lámarksstilling er 3,0 l/mínútu.

Hemlagjald fyrir hvern mínútulíter á mánuði hækkar úr kr. 2.036 í kr. 2.117.

B. Eldri samningar

Þar sem vatnið er keypt skv. hemli beint úr stofnlögn hækkar gjald fyrir hvern mínútulíter úr kr. 1.815 á mánuði í kr. 1.888.

C. Rúmmetragjald skv. mæli:

Almennt íbúðar- og iðnaðarhúsnæði og gróðurhús skal greiða varmagjald. Varmagjald fyrir hvern rúmmetra vatns hækkar úr kr. 96,87 í kr. 100,70.

Sumarbústaður sem er með mæli og greiðir skv. rúmmetragjaldi skal þó aldrei greiða minna en sem nemur 3,0 l/mínútu eða sem nemur kr. 6.351 á mánuði, sbr. A-liður 5. gr.

Mælagjald á mánuði:

C1 Stærð mælis/hemils DN 15 1.010 kr.

C2 Stærð mælis/hemils DN 20 1.442 kr.

C3 Stærð mælis/hemils DN 25 1.785 kr.

C4 Stærð mælis/hemils DN 32 2.127 kr.

C5 Stærð mælis/hemils DN 40 2.470 kr.

C6 Stærð mælis/hemils DN 50 3.381 kr.

D. Stofngjöld

Íbúðarhús allt að 300m³ og gróðurhús allt að 200m³ kr. 539.012 og fyrir hvern rúmmeter/fermetra þar yfir skal greiða 205kr/m³. Vélageymslur og gripahús allt að 300m³ kr. 313.327 og að auki 205kr/m³. Fyrir sumarhús er stofngjaldið kr. 539.012. Gjald fyrir auka mælagrind er kr. 80.421.

Sorpeyðingargjald:

Íbúðarhúsnæði	15.854 kr.
Fristundahúsnæði	10.466 kr.
Lögbýli	6.978 kr.
Fyrirtæki	13.955 kr.

Gjaldfrjálst verður á gámastöð fyrir allt að 3 m³ vikulega.

Umframmagn er gjaldskylt á móttökustöð, miðast við m³ þess úrgangsmagns sem afsett er. Allur úrgangur er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmur og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs.

Móttökugjald á einn m³ 4.000 kr.

5. Vatnsveita, vatnsskattur íbúðarhúsa verði 0,23% af fasteigna mati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins. Hámarksálagning verði kr. 40.000 og lágmarksálagning verði kr. 20.000 á hús. Vatnsskattur frístundahúsa verði 0,23% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins. Hámarksálagning verði kr. 40.000 og lágmarksálagning verði kr. 20.000 á hús. Vatnsskattur fyrirtækja verði 0,23% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins. Hámarksálagning verði kr. 150.000 og þau fyrirtæki sem safna vatni í eigin miðlun fá 30% afslátt af vatnsskatti. Tengigjöld vatnsveitu (stofngjöld) fyrir frístundahús og íbúðarhús verða kr. 373.451. Tengigjöld fyrir lögbýli að meðtöldu einu íbúðarhúsi verða kr. 563.017. Á þeim lóðum sem ekki hefur verið byggt á en hafa tengst vatni er innheimt fast ágjald kr. 20.000. Fyrir ný skipulagða frístundabyggð sem tengjast skal vatnsveitu sveitarfélagsins skal landeigandi greiða kr. 40.000 fyrir hverja lóð á skipulagi fyrir lagningu stoflagnar. Gjaldskráin miðast við að heimtaug í sumarhús sé 20mm. Velji menn 25mm heimtaug tvöfaldast tengigjaldið og semja verður sérstaklega um sverari heimtaugar.

19. Hrísrú 1, deiliskipulag.

Lagt fram lagfært lóðablað fyrir íbúðarhúsalóðina Hrísrú 1 á Sólheimum. Gefið hefur verið út byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi á lóðinni en við útsetningu hússins á vettvangi kom í ljós að hentugra var að færa húsið um 6 m til vesturs miðað við skilgreindan byggingarreit. Stærð lóðar breytist ekki en hún færir til vesturs á sama hátt og byggingarreitur. Að mati sveitarstjórnar er um svo óverulegt frávík að ræða að hagsmunir nágranna skerðast í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn og samþykkir því að staðsetning íbúðarhússins verði breytt í samræmi við fyrirliggjandi gögn, sbr. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

20. Breyting á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020, Ásborgir í landi Ásgarðs.

Lagt fram bréf Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins dags. 19. október 2012 varðandi breytingu á aðalskipulagi fyrir Ásborgir. Þar kemur fram ósk um að sveitarstjórn taki skipulagstillöguna til endurskoðunar og setji greinargerð hennar fram á þann hátt að hún samræmist ákvæðum skipulagslaga nr. 123/2010 og skipulagsreglugerðar nr. 400/1998 eins og gerð er grein fyrir í bréfinu. Þá er jafnframt lögð fram lagfærð tillaga að breytingu á aðalskipulagi fyrir Ásborgir þar sem komið hefur verið til móts við ábendingar og athugasemdir ráðuneytisins. Sveitarstjórn samþykkir endurskoðaða tillögu að breytingu á aðalskipulagi og felur skipulagsfulltrúa að senda málið til ráðuneytisins.

21. Breyting á Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 á svæði úr landi Stóru-Borgar í Grímsnes- og Grafningshreppi. Smábýli í stað frístundabyggðar við Höskuldslæk.

Lögð fram að lokinni kynningu skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillaga að breytingu á aðalskipulagi á spildu úr landi Stóru-Borgar. Breytingin varðar um 37 ha spildu úr landi Stóru-Borgar sem liggur upp að Biskupstungnabraut og Höskuldslæk, sunnan Þjóðvegjar. Landið er í dag skilgreint sem svæði fyrir frístundabyggð en fyrirhugað er að breyta því þannig að heimilt verði að byggja þar nokkur smábýli, um 6-10 ha skv. fyrirliggjandi tillögu. Svæðið verður skilgreint sem blanda landbúnaðar- og íbúðarsvæðis.

Tillagan var auglýst ásamt deiliskipulagi svæðisins 20. september 2012 með athugasemdafresti til 2. nóvember. Engar athugasemdir bárust. Fyrir liggur umsögn Fornleifaverndar ríkisins dags. 19. október 2012 en ekki liggja fyrir umsagnir Vegagerðarinnar né Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins þó svo að óskað hafi verið eftir þeim í júní 2012. Sveitarstjórn samþykkir ofangreinda breytingu og felur skipulagsfulltrúa að senda málið til afgreiðslu Skipulagsstofnunar í samræmi við 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Það sem varðar umsögn Vegagerðarinnar er vísað til afgreiðslu deiliskipulags svæðisins. Þar sem meira en en fjórir mánuðir eru liðnir frá því að umsögn var send ráðuneytinu er ekki talin þörf á að biða eftir henni.

22. Breyting á Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 á spildu úr landi Ásgarðs við Skógarholt. Svæði fyrir frístundabyggð í stað opins svæðis til sérstakra nota.

Fyrir liggur tillaga að breytingu á aðalskipulagi á um 14 ha svæði úr landi Ásgarðs við Skógarholt sem í dag er skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota en með breytingunni verður að svæði fyrir frístundabyggð til samræmis við aðliggjandi svæði. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi hluta svæðisins þar sem gert er ráð fyrir 11 nýjum frístundahúsalóðum. Tillagan var auglýst ásamt deiliskipulagi svæðisins 20. september 2012 með athugasemdafresti til 2. nóvember. Engar athugasemdir bárust við aðalskipulagsbreytinguna en ein athugasemd við deiliskipulagsbreytinguna. Sveitarstjórn samþykkir ofangreinda breytingu og felur skipulagsfulltrúa að senda málið til afgreiðslu Skipulagsstofnunar í samræmi við 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

23. Deiliskipulag smábýlasvæðis við Höskuldslæg í landi Stóru-Borgar í Grímsnes- og Grafningshreppi. Skagamýri, smábýlasvæði.

Lögð fram að lokinni auglýsingu tillaga að deiliskipulagi 36,8 ha svæðis úr landi Stóru-Borgar við Höskuldslæg á svæði sem kallast Skagamýri. Á svæðinu er gert ráð fyrir 8 smábýlalóðum (blanda íbúðar- og landbúnaðarsvæðis) sem eru á bilinu 2,7 til 6,2 ha stærð þar sem heimilt verður að reisa íbúðarhús auk bygginga tengdum búrekstri s.s. gróðurhús, skemmur og útihús.

Fjöldi gjalddaga fasteignagjalda:

Fjárhæðir að 25.000 eru með einn gjalddaga 1. maí, 25.001-90.000 eru með 5 gjalddögum með fyrsta gjalddaga 1. mars og síðasta 1. júlí og 90.001 og yfir verði með 7 gjalddögum með fyrsta gjalddaga 1. mars og síðasta 1. september.

3. Seyra, seyrulosunargjald vegna kostnaðar við seyrulosun/ fráveitukerfi verði kr. 6.817 á hvert íbúðarhús, sumarhús og fyrirtæki sem ber samkvæmt byggingarskilmálum að hafa rotþró eða vera tengt viðurkenndu fráveitukerfi.

Fráveitugjald skal greitt af öllum mannvirkjum sem tengd eru fráveitukerfum sveitarfélagsins og verður það 0,1% af fasteignamati húss.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennislislagna frá lóðamörkum við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera kr. 150.000.

4. Sorp, álagning vegna sorphirðu og sorpeyðingar vegna heimilissorp er:

Sorphirðugjald:

Ílátastæðir	Grátunna	Blátunna
240 L ílát	13.109 kr.	5.686 kr.
660 L ílát	37.828 kr.	17.406 kr.
1.100 L ílát	62.169 kr.	28.135 kr.

Grátunna: Hirðing á 14 daga fresti.

Blátunna: Hirðing á 42 daga fresti.

17. Lóðarleigusamningur á golfvelliðum að Minni Borg.

Fyrir liggja drög að lóðarleigusamningi um viðskipta- og þjónustulóð undir hótélbyggingu inn á golfvelliðum að Minni – Borg. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög og oddvita falið að undirrita samninginn fyrir hönd sveitarfélagsins.

18. Álagning gjalda og gjaldskrárbreytingar fyrir árið 2013.

Fyrir liggja tillögur að álagningu gjalda og gjaldskrármála vegna 2013.

1. **Útsvarshlutfall** árið 2013 verði óbreytt 14,48%.
2. **Fasteignaskattur A**, 0,475% af fasteignamati á íbúðarhúsnæði, bíla geymslur, geymsluhúsnæði, lönd og útihús í landbúnaði og sumarhús, allt með tilheyrandi lóðum.

Fasteignaskattur B, 1,32% af fasteignamati sjúkrastofnana skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, skóla, heimavista, leikskóla, íþróttahúsa og bókasafna, að meðtöldum lóðum og lóðarréttindum.

Fasteignaskattur C, 1,60% af fasteignamati allra annarra fasteigna með tilheyrandi lóðum.

Afsláttur er af fasteignaskatti íbúðarhúsa til fasteignaeigenda sem eru 67 ára og eldri eða 75% öryrkjar eða meira og eiga lögheimili í viðkomandi fasteign.

Afslættir vegna fasteignagjalda 2013 hjá elli- og örorkulífeyrisþegum:

	<u>Tekjuviðmiðun</u>		
Einstaklingar	<u>Frá</u>	<u>Að</u>	<u>afsláttur</u>
	0	2.015.722	100 %
	2.015.723	2.222.702	80%
	2.222.703	2.446.463	50%
Hjón	0	2.828.724	100%
	2.828.725	3.056.216	80%
	3.056.217	3.447.797	50%

Á lóðunum verður heimilt að vera með þjónustuiðnað vegna viðhalds og uppbyggingar sumarhúsabyggða s.s. verktakaþjónustu eða veitinga- og gistiþjónustu. Tillagan var auglýst ásamt breytingu á aðalskipulagi svæðisins 20. september 2012 með athugasemdafresti til 2. nóvember. Engar athugasemdir bárust. Fyrir liggur umsögn Fornleifaverndar ríkisins dags. 19. október 2012 en ekki liggja fyrir umsagnir Vegagerðarinnar né Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins þó svo að óskað hafi verið eftir þeim í júní 2012. Sveitarstjórn samþykkir ofangreint deiliskipulag með fyrirvara um umsögn Vegagerðarinnar og felur skipulagsfulltrúa að senda málið til afgreiðslu Skipulagsstofnunar í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

24. Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Ásgarðs í Grímsnes- og Grafningshreppi. Fjölgun lóða við Skógarholt og Vesturbrún.

Lögð fram að lokinni auglýsingu breyting á deiliskipulagi í landi Ásgarðs sem felst að gert er ráð fyrir 10 nýjum lóðum út frá Skógarholti á svæði 3 inn á svæði 2 þar sem áður var gert ráð fyrir útivistarsvæði. Einnig er gert ráð fyrir einni lóð við enda Vesturbrúnar á svæði 2. Ekki eru gerðar breytingar á skilmálum svæðisins. Tillagan var auglýst ásamt deiliskipulagi svæðisins 20. september 2012 með athugasemdafresti til 2. nóvember. Ein athugasemd barst þar sem nýrri lóð við Vesturbrún er mótmælt. Sveitarstjórn samþykkir ofangreint deiliskipulag óbreytt frá auglýstri tillögu og felur skipulagsfulltrúa að senda málið til afgreiðslu Skipulagsstofnunar í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 auk þess að senda þeim sem gerðu athugasemdir, umsögn sveitarstjórnar um þær.

25. Önnur mál

a) Hækkun á yfirdráttarheimild.

Fyrir liggur tillaga frá sveitarstjóra að yfirdráttarheimild á bankareikning sveitarfélagsins verði hækkuð í sex mánuði um 30 milljónir króna. Sveitarstjórn samþykkir að óska eftir þessari hækkun hjá viðskiptabanka sínum.

Til kynningar

- √ Fundargerð 12. fundar Almannaþingar 16.10 2012.
- √ SASS. Fundargerð 460. stjórnarfundar 17.10 2012.
- √ Sorpstöð Suðurlands. Fundargerð 221. stjórnarfundar 01.10 2012.
- √ Samband íslenskra sveitarfélaga. Fundargerð 800. stjórnarfundar, 26.10 2012.
- √ Bréf frá Fornleifavernd ríkisins, dagsett 19. október 2012 vegna umsagnarbeiðni deiliskipulags Skagamýrar í landi Stóru-Borgar.
- √ Bréf frá Fornleifavernd ríkisins, dagsett 12. október 2012 vegna umsagnarbeiðni deiliskipulags Hlauphóla í landi Stóru-Borgar.
- √ Bréf frá Þjóðskrá Íslands, dagsett 29. október 2012 vegna úrskurðar yfirfasteignamatnefndar í máli nr. 18/2012 um skráningu og mat hafnarmannvirkja.
- √ Bréf frá Markaðsstofu Suðurlands um uppskeruhátíð Markaðsstofu og verkefnið WinterWonderland.
- √ Ljósmyndaverkefni á þremur skjalasöfnum, áfangaskýrsla frá Héraðsskjalasafni Árnesinga, Héraðsskjalasafni Austfirðinga og Héraðsskjalasafni Skagfirðinga.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 13:15



Stefna um búsetumynstur

Í kafla um búsetumynstur er of neikvæð umfjöllun um búsetuþróun í dreifbýli landsins án þess að fyrir því liggi haldbær rök. Fram kemur að í landsskipulagsstefnunni séu skýrðar leiðir til að gera búsetumynstrið sjálfbærara og hagkvæmara fyrir sveitarfélögin. Spurningin er þá hvað telst vera sjálfbært og hagkvæmt fyrir dreifbýlissveitarfélög. Fram til þessa hefur ekki verið litið á íbúafjölgun í dreifbýlinu sem vandamál, frekar hið gagnstæða. Í flestum dreifbýlissveitarfélögum er eitt mikilvægasta verkefni sveitarstjórna að tryggja að íbúum fjölgi, eða a.m.k. reyna að viðhalda þeim íbúafjölda sem er til staðar, þar sem fækkun íbúa hefur neikvæð áhrif á tekjur sveitarfélaga þar sem færri þurfa að standa undir þjónustunni og samfélagið verður veikara sem heild. Það ætti því ekki að koma á óvart að mörg sveitarfélög hafa ekki verið neikvæð gagnvart hugmyndum um „búgarðabyggð“ eða gagnvart beiðnum um byggingu stakra íbúðarhúsa þó svo að nýir íbúar ætli ekki að stunda hefðbundinn landbúnað. Er það endilega óhagkvæmt og ósjálfbært fyrir sveitarfélögin að þjónusta aðeins fleiri íbúa sem búa út í sveitinni frekar en færri. Það þarf t.d. alltaf að vera með skólaakstur og ég er ekki viss um að það teljist óhagkvæmt að ná í 8 börn frekar en 2-3.

Skipulag miðhálandisins

Í landsskipulagsstefnu virðist aðal áherslan vera á friðlýsingu og verndun á miðhálandinu en litið sem ekkert er talað um mögulega nýtingu. Þá er skilgreining á hugtakinu víðátta ekki nægjanlega skýr í ljósi mikilvægi þess í landsskipulagsstefnunni í tengslum við uppbyggingu.

Landsskipulagsstefna gerir ráð fyrir að landshlutasamtök verði ábyrg fyrir málefnum er varða miðhálandið. Er þetta sérstakt þar sem slík samtök hafa ekki skilgreint hlutverk sem stjórnvald samkvæmt skipulagslögum til að setja fram stefnumörkun er varðar landnotkun.

Að öðru leyti er tekið undir athugasemdir sem fram koma í umsögn skipulagsmálanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga um tillögu að Landsskipulagsstefnu 2013-2024.

Sveitarstjórn leggur mikla áherslu á að fullt tillit verði tekið til athugasemda skipulags- og byggingarnefndar og gerir athugasemdir og tillögur nefndarinnar að sínum.

14. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um miðstöð innanlandsflugs (hlutverk Reykjavíkflugvallar, heildarlög), 120. mál.

Frumvarpið lagt fram.

15. Bréf frá Skipulagsstofnun um gildi deiliskipulags sem birt hefur verið í Stjórnartíðindum árin 2011 og 2012.

Fyrir liggur bréf frá Skipulagsstofnun, dagsett 9. nóvember 2012 um gildi deiliskipulaga sem birt hafa verið í B-deild Stjórnartíðinda eftir að ný skipulagslög tóku gildi 1. janúar 2011 og athuga hvort meira en þrjú mánuðir hafi liðið frá því að deiliskipulagið var samþykkt í sveitarstjórn þar til það var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda. Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa, Péttri Inga Haraldssyni, að vinna að málinu.

16. Drög að landskipulagsstefnu 2013-2024.

Á fundi sveitarstjórnar þann 3. október s.l. lá fyrir bréf frá Skipulagsstofnun þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins á tillögu að landsskipulagsstefnu 2013-2024. Sveitarstjórn óskaði eftir álitum Skipulags- og byggingarnefndar uppsveita Árnæssýslu og Flóahrepps á tillögunni. Umsögn Skipulags- og byggingarnefndar liggur fyrir ásamt umsögn Skipulagsmálanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Eftirfarandi eru athugasemdir skipulags- og byggingarnefndar uppsveita Árnæssýslu og Flóahrepps við auglýsta tillögu að Landsskipulagsstefnu 2013-2024.

Hlutverk Skipulagsstofnunar

Það er almennt óheppilegt að Skipulagsstofnun hafi bæði það hlutverk samkvæmt lögum að leggja fram tillögu að Landsskipulagsstefnu og staðfesta aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaga. Þetta tvöfalda hlutverk stofnunarinnar getur að mati nefndarinnar leitt til vanhæfis við túlkun á því hvort að ákvæði aðalskipulags séu í samræmi við gildandi landsskipulagsstefnu.

Stefnur og áætlanir opinberra aðila

Í kafla 1.3.1 er sett fram yfirlit um stefnu stjórnvalda í einstökum málaflokkum sem varða landnotkun. Svo virðist sem það vanti að tilgreina og fara yfir áætlanir sem varða uppbyggingu hins opinbera og geta haft mikil áhrif á búsetumynstur s.s. áætlanir er varða heilsugæslu, sjúkrahús, þjónustu við aldraða, lögregluumdæmi o.s.frv.



FUNDARGERÐ.

313. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 21. nóvember 2012 kl. 9⁰⁰ f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Ingibjörg Harðardóttir

Hörður Óli Guðmundsson

Ingvar Grétar Ingvarsson

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 7. nóvember 2012.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 7. nóvember 2012 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerð oddvitafundar uppsveita Árnæssýslu, 2. nóvember 2012.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Sameining á lögbýlinu Ásgarði 3 og Ásgarði árbakka, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur skjal vegna sameiningar á lögbýlinu Ásgarði 3, landnúmer 220978 og Ásgarði árbakka, landnúmer 220979. Eftir sameiningu mun lögbýlið heita Ásgarður 3 með landnúmerið 220978 og mun landnúmerið 220979 falla niður og réttindi þess og skyldur færast á landnúmerið 220978. Sveitarstjórn samþykkir sameininguna.

4. Samstarfssamningur um verkefni vegna IPA styrkumsóknar Uppsveita Árnessýslu.

Fyrir liggur samstarfssamningur milli Grímsnes- og Grafningshrepps, Bláskógabyggðar, Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Hrunamannahrepps vegna umsóknar um IPA styrk vegna verkefnis um ferðaþjónustu og lýðheilsu í sveitarfélögunum í Uppsveitum Árnessýslu. Sveitarstjórn samþykkir samninginn fyrir sitt leyti og oddvita falið að undirrita samninginn.

5. Stofnsamningur Héraðsnefndar Árnesinga bs.

Fyrir liggja drög að stofnsamningi fyrir Héraðsnefnd Árnesinga bs. Sveitarstjórn samþykkir samninginn fyrir sitt leyti og oddvita falið að undirrita samninginn.

6. Fulltrúar á aukaaðalfund SASS.

Fulltrúar á aukaaðalfund SASS sem haldinn verður á Selfossi þann 14. desember n.k. Samþykkt er að Gunnar Þorgeirsson, oddviti og Guðmundur Ármann Pétursson verði fulltrúar sveitarfélagsins á aukaaðalfundinum og Hörður Óli Guðmundsson, varaoddviti og Sigurður Karl Jónsson til vara.

7. Beiðni um rekstrarstyrk vegna rekstrarársins 2013 frá Samtökum um kvennaathvarf.

Fyrir liggur beiðni um rekstrarstyrk fyrir árið 2013 frá Samtökum um kvennaathvarf að fjárhæð 100.000 kr. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

8. Beiðni um styrk við Snorraverkefnið sumarið 2013.

Fyrir liggur beiðni frá Snorrásjóð um styrk til Snorraverkefnisins sumarið 2013 þar sem markmið verkefnisins er að auka tengsl Íslendinga við samfélag fólks af íslenskum ættum í Kanada og Bandaríkjunum. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

9. Beiðni um styrk vegna starfsemi Landsbyggðin lifi.

Fyrir liggur beiðni frá starfseminni Landsbyggðin lifi um styrk að fjárhæð 20.000 – 50.000 kr. til að sinna grunnstarfsemi samtakanna. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

10. Beiðni um styrk frá Blátt áfram vegna forvarnarverkefnis gegn kynferðisofbeldi á börnum á Íslandi.

Fyrir liggur beiðni frá Blátt áfram forvarnarverkefnis gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum á Íslandi þannig að Blátt áfram verði valið fyrir styrk í stað jólakorts í ár. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

11. Bréf frá starfsmönnum Þjóðskrár Íslands á Selfossi um að starfsemi á umdæmisskrifstofunni á Selfossi verði lögð niður frá og með næstu áramótum.

Fyrir liggur bréf frá starfsmönnum Þjóðskrár Íslands á Selfossi, dagsett 31. október 2012 um að starfsemi á umdæmisskrifstofunni á Selfossi verði lögð niður frá og með næstu áramótum. Sveitarstjórn mótmælir því harðlega að hagræðing ríkisstofnunar sé að flytja störf frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins.

Sveitarstjórn hefur auk þess þungar áhyggjur af því að skráningar fasteigna muni taka enn lengri tíma en verið hefur.

12. Beiðni um styrk frá Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda, verkefni sem hvetur til nýsköpunarkennslu í grunnskólum landsins.

Fyrir liggur beiðni frá Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda um styrk að fjárhæð 25.000 – 200.000 kr. vegna verkefnis sem hvetur til nýsköpunarkennslu í grunnskólum landsins. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

13. Bréf frá Félagi tónlistarkennara þar sem óskað er eftir tilnefningum sveitarfélaga inn í fagråd tónlistarskóla, vettvang Félags tónlistarkennara um fagleg málefni.

Fyrir liggur bréf frá Félagi tónlistarkennara, dagsett 12. nóvember 2012 þar sem óskað er eftir tilnefningum sveitarfélaga inn í fagråd tónlistarskóla, vettvang Félags tónlistarkennara um fagleg málefni. Sveitarstjórn vísar erindinu til afgreiðslu Skólanefndar Tónlistarskóla Árnesinga.